

**8. stjórnarfundur Félags um menntarannsóknir
haldinn í húsnæði RKHÍ
föstudaginn 17. janúar 2003**

Mættir: Allyson Macdonald formaður, Inga Þórunn Halldósdóttir meðstjórnandi, Júlíus K. Björnsson gjaldkeri, og Börkur Hansen meðstjórnandi. Formaður greindi frá því að Guðrún Ebba Ólafsdóttir segði sig úr stjórninni vegna nýs starfsvettvangs. Kristín Aðalsteinsdóttir boðaði forföll.

1. *Fundargerð síðasta fundar.* Afgreiðslu frestað.

2. *Áhugahópar.* Uppkast af reglum fyrir áhugahópa (special interest group) kynnt og rætt. Ákveðið var að fara af stað með myndun og starfsemi áhugahópa eins og gert er ráð fyrir í uppkastinu, þ.e. á Netinu með póstlistum. Síðar verður þróað netráðstefnukerfi fyrir þennan þátt.

3. *Útgáfumál.* Formaður greindi frá því að umræðan meðal félagsmanna á Netinu um útgáfumál hefði verið mjög lítil. Einungis eitt skeyti hefði komið um efnið. Þá var rætt um tímarit og voru fundarmenn á því að stefna að útgáfu á rafrænu tímariti. Rætt var um að ekki væri mjög flókið né dýrt að gefa út slíkt tímarit á Pdf formi. Ákveðið var að stefna að útgáfu tilraunaheftis sem þróa mætti í ljósi viðbragða.

4. *Ársfundur.* Í stjórn FUM hafði verið rætt um að reyna að tengja ársfund félagsins UT-ráðstefnunni sem að þessu sinni verður haldinn á Akureyri 28. febrúar næstkomandi. Formaður greindi frá efasemdum sínum um þá ráðstöfun þar sem þátttaka á UT virðist ætla að verða dræm. Lagði formaður til að stefna frekar að Málstofu á vegum FUM í tengslum við ráðstefnuna, ársfundinn væri hægt að halda síðar hér syðra og væri 20. mars kl 16:00 e.t.v. heppilegur til þess.

5. *Önnur mál.*

Gjaldkeri upplýsti að hann hefði greitt kr. 50 þúsund til Nönnu Reykdal og kr. 40 þúsund vegna kaffi og meðlætis á Málstofunni um stefnu í rannsóknum.

Ákveðið að hafa næsta fund 21. feb. kl. 15.00 í húsakynnum RKHÍ.

Fundarritari – Börkur Hansen